

AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu, nr. 90 12. júlí 1956.

Fyrir „tíu krónur“ í 11. gr. reglugerðarinnar komi: Tuttugu og fimm krónur.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961.

Landbúnaðrráðuneytið, 30. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorb. K. Þorsteinsson.

Nr. 250.

31. desember 1965.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hríseyjar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Hrísey.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annast önnur þau störf vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr aðalæð í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá aðalæð vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar við vatnsveituna nema með leyfi vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns.